

**Ed. 191. Frumvarp til laga [181. mál]**

um breytingu á lögum nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

2. tölul. 15. gr. verði svohljóðandi:

Vísindalegu starfi rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, að jafnaði kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í félagsvísindadeild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknarverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnar-nefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur

árskýrslu um starfsemina. Forstjóra er skylt að kenna a. m. k.  $\frac{2}{3}$  hluta kennsluskyldu sinnar í hlutaðeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingarnar, sem lagt er til að gerðar verði á 2. tölul. 15. gr. laga nr. 38 frá 1971, felast í eftirfarandi:

- a. Orðunum **að jafnaði** er bætt inn þar sem rætt er um hvernig staðið skuli að kjöri forstjóra rannsóknarstofnunar uppeldismála.
- b. Í stað orðanna „fastra kennara við heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði“ komi orðin: fastra kennara í **félagsvísindadeild** Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Er þetta til samræmis við þá breytingu sem orðið hefur á deildaskipun Háskóla Íslands frá því að lög nr. 38 frá 1971 voru sett. Varðandi a-lið:

Ástæðan til þessarar breytingartillögu er að óheppilegt getur reynst að hafa jafn fortakslaust ákvæði um kjör forstjóra og er í gildandi lögum. Þær aðstæður geta skapast að heppilegra sé að hafa svigrúm til þess að framlengja ráðningu forstjóra rannsóknarstofnunar uppeldismála enda séu þeir aðilar, sem standa eiga að kjöri forstjóra, sammála um það.

Til skýringar skal vitnað til:

1. Erindis formanns stjórnarnefndar rannsóknarstofnunar uppeldismála, Kristjáns J. Gunnarssonar sem borið var fram við menntamálaráðherra 11. júní 1986 en þar segir:

„Við umræður í stjórnarnefnd Rannsóknarstofnunar uppeldismála hefur komið fram sú skoðun að þar sem stofnunin er svo nýlega tekin til starfa og enn í mótun sé óheppilegt að skipta nú um forstöðumann og æskilegra væri að núverandi forstöðumaður gegndi störfum áfram næstu þrjú ár. Þetta sjónarmið er stutt af fulltrúum Háskóla Íslands enda þótt þeir eigi rétt á að tilnefna forstöðumanninn fyrir næsta tímabil.“

2. Fundargerðar stjórnarnefndar rannsóknarstofnunar uppeldismála 2. júlí 1986 en þar bar Þórólfur Þórlindsson prófessor, deildarforseti félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, fram eftirfarandi tillögu:

„Ég geri það að tillögu minni að prófessor Sigríði Valgeirsdóttur verði falið að gegna stöðu forstöðumanns Rannsóknarstofnunar uppeldismála næstu þrjú árin. Tillagan er flutt að höfðu samráði við samstarfsmenn mína í þeim greinum félagsvísindadeildar sem aðild eiga að Rannsóknarstofnun uppeldismála (félagsfræði, sálarfræði og uppeldisfræði). Það er einróma álit okkar í félagsvísindadeild að það sé mikilvægt að stofnunin, sem enn er í mótun, njóti leiðsagnar Sigríðar næstu þrjú árin.“

Tillaga Þórólfs Þórlindssonar var samþykkt samhljóða í stjórnarnefndinni.

Í fundargerðinni kom fram að Kennaraháskóli Íslands er samþykktur endurráðningu Sigríðar en rektor skólans, Jónas Pálsson, lýsti því þar yfir að hann mundi „reyna að stuðla að því að Sigríður fengi meiri tíma frá KHÍ til að sinna stöfum hjá R.U.“